

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/89

frá 25. maí 2010

## um breytingu á ákvörðun 2001/672/EB að því er varðar þau tímabil þegar nautgripir eru fluttir til sumarbeitilanda (\*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 3188)

(2010/300/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 er komið á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa til að tryggja gagnsæi skilyrða fyrir framleiðslu og markaðssetningu nautakjöts og nautakjötsafurða. Með reglugerðinni er í því skyni gerð sú krafa að aðildarríkin stofni landsbundinn gagnagrunn fyrir nautgripi þar sem skal skrá auðkenni dýra, allar bújarðir á yfirráðasvæði þeirra og flutninga dýra. Auk þess er með reglugerðinni lögð sú skylda á umsjónarmenn dýra að þeir tilkynni þar til bærum yfirvöldum m.a. um alla flutninga til og frá bújörðinni ásamt dagsetningum þessara atburða innan ákveðins tímabils, sem aðildarríkið ákveður, sem er á bilinu þrjú til sjö dagar frá því að atburðurinn á sér stað.
- 2) Í reglugerðinni er kveðið á um að framkvæmdastjórnin eigi þess kost að lengja þennan hámarksfrest að beiðni aðildarríkis og setja sérstakar reglur sem gilda um mismunandi fjallasvæði, eins og gert var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/672/EB frá 20. ágúst 2001 um sérreglur um flutning nautgripa sem eru settir á sumarbeit í fjalllendi <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt 4. forsendu ákvörðunar 2001/672/EB skulu sérreglurnar leiða til raunverulegrar einföldunar og einskorðast við reglur sem eru nauðsynlegar til að tryggja að landsbundnu gagnagrunnarnir fyrir nautgripi séu að fullu rekstrarhæfir.
- 4) Ákvörðun 2001/672/EB gildir um slíka flutninga á tímabilinu frá 1. maí til 15. október. Fengin reynsla af beitingu þessarar ákvörðunar hefur sýnt að á sumum fjallasvæðum hefst flutningur til beitilanda á sumrin

þegar í apríl. Með tilliti til þeirrar staðreyndar ber að breyta gildissviði ákvörðunar 2001/672/EB til samræmis við það.

- 5) Undir vissum kringumstæðum getur tímabil flutnings dýra frá mismunandi bújörðum til sama beitilands í fjalllendi á sumrin varað lengur en sjö daga. Til að draga úr óþarfa stjórnsýsluálagi ber því að aðlaga tímamörkin í ákvörðun 2001/672/EB til að taka tillit til þessarar staðreyndar án þess að torvelda rekjanleika.
- 6) Því ber að breyta ákvörðun 2001/672/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um landbúnaðarsjóði.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2001/672/EB er breytt sem hér segir:

1. Í 1. gr. komi dagsetningin „15. apríl“ í stað „1. maí“.
2. Í stað 4. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„4. Tilkynna skal upplýsingarnar, sem er að finna í skránni sem um getur í 2. mgr., til þar til bærra yfirvalda í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000, eigi síðar en 15 dögum eftir flutning dýranna til beitilandsins.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

John DALLI

framkvæmdastjóri

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 127, 26.5.2010, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

<sup>(1)</sup> Stjtfð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtfð. EB L 235, 4.9.2001, bls. 23.